


**Viðauki A**

**Aukadagar í flutningi**

## Aukadagar í flutningi

Sendingar frá Norður- og Vesturlandi til Austurlands eða frá Austurlandi til Norður- og Vesturlands taka lengri tíma í flutningi. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig skiptingin er. Ef sent er á milli bláu svæðanna og hinna gráu þarf að reikna með lengri flutningstíma að jafnaði en ef sent er innan svæðanna eða til/frá Suðvesturhorninu.

### Póstnúmer



Sendingar frá höfuðborgarsvæðinu til Vestmannaeyja og sunnanverða Vestfjarða eru með aukadag í flutningi vegna flutningaleiða. Sama gildir um póst frá Hellu og Hvolsvelli sem er á leið austureftir (870-880 og 700-785).

Sendingar til eða frá póstnúmerum hér að neðan þurfa að jafnaði einn virkan dag til viðbótar í flutningi þar sem þessir staðir hafa ekki fimm daga þjónustu. Hið sama á við um marga sveitabæi sem tilheyra sama póstnúmeri og næsta þéttbýli en hafa ekki sérstakt dreifbýlisnúmer eins og t.d. póstnúmer 471.

Pnr.	Póststöð frá
345	Flatey
356	Snæfellsbær, dreifbýli
401	Ísafjörður, dreifbýli
451	Patreksfjörður, dreifbýli
471	Þingeyri, dreifbýli
522	Kjörvogur
523	Bær
524	Norðurfjörður
551	Sauðárkrókur, dreifbýli
671	Kópasker, dreifbýli
681	Þórshöfn, dreifbýli

<b>715</b>	<i>Mjóifjörður</i>
<b>720</b>	<i>Borgarfjörður</i>
<b>781</b>	<i>Höfn, dreifbýli</i>
<b>785</b>	<i>Öræfi</i>
<b>871</b>	<i>Vík, dreifbýli</i>

Eftirfarandi eru þeir staðir sem eru ekki með 5 daga þjónustu. Þjónustan á einungis við um sveitabæi utan þéttbýliskjarna.

Þeir staðir sem eru með tvo dreifidaga á viku:

<i>Póstnúmer</i>	<i>Staður</i>		<i>Hversu oft</i>	<i>Ástæða</i>
345	Flatey	Eyja	2x	Sigling 2xv
465	Bíldudalur (Arnarfjörður)	Fámenni/ófærð	2x	Sigling og akstur á sumrin
465	Bíldudalur (Selárdalur)	Fámenni	2x	Undanþága
524	Árneshreppur		2x	Flug 2x í viku
715	Mjóifjörður og Dalatangi	Fámenni/ófærð	2x	Sigling 2xv (ekið á sumrin 2x í)
611	Grímsey <sup>1</sup>	Eyja	2x	Flug (oftar þó á sumrin)
755	Stöðvarfjörður	fámenni	2x	Einn bær
710	Seyðisfjörður	fámenni	2x	

---

<sup>1</sup> Tvær ferðir í viku á eingöngu við á veturnar þar sem þeir eru með fleiri ferðir á sumrin.

## **Viðauki B**

### **Skilgreining á vélflokkanlegum pósti**

## Skilgreining á vélflokkanlegum pósti

Póstur sem er vélflokkanlegur er flokkaður í flokkunarvél Póstsins. Til þess að vélin geti lesið áritun þurfa umslögin að uppfylla nokkur skilyrði um útlit og lögun. Eftirfarandi atriði þarf að uppfylla til að sendingin teljist vélflokkanleg.

### Stærðarmörk:

Hámarksstærð:

Lengd: 250 mm.

Breidd (hæð): 180 mm.

Þykkt: 5 mm.

Lágmarksstærð:

Lengd: 160 mm.

Breidd (hæð): 90 mm.

Þykkt: 0,2 mm.

Hámarksþyngd: 50g. Hlutfall á lengd og hæð umslags (lengd / hæð = hlutfallið) skal vera minnst 1,3 og mest 2,5.

### Stífleiki pappírs (umslög)

Umslög skulu hafa lágmarks stífleika og hann er miðaður við að tómt umslag sé að lágmarki 80 g/m<sup>2</sup> pappír. Miða skal við að stífleiki umslagsins standandi á langhliðinni standi undir sér (má ekki bogna í vélinni) og er þá tekið tillit til þeirra stærðar og þyngdarmarka sem um getur hér í skilmálum.

### Póstur sem ekki er hægt að flokka í vél


Póstur sem ekki er hægt að vélflokka er til dæmis plastaðar sendingar, umslög gerð úr Tyvek (vax/nylon efni), óþökkuð tímarit, dagblöð, sendingar með gormabindingu og sendingar með hörðum spjöldum. Engir hlutir mega vera utanáliggjandi á umslaginu t.a.m. hefti, bréfastemmur né aðrir málmhlutir.

### Gerð pappírs (umslög)

Pappírinn sem notaður er í umslagið þarf að hafa þann eiginleika að hægt sé að prenta með blekprentara á umslagið.

### Autt svæði til kóðunar

Efstu 25 mm aftaná umslaginu þurfa að vera alveg auðir þ.e. engin áritun eða litur á því svæði. Þetta svæði er notað fyrir kóðun bréfsins svo unnt sé að flokka það.



Mynd 1: Mynd 1: Bakhlíð umslags. Efstu 25 mm. þurfa að vera auðir til að hægt sé að kóða bréfið.



Mynd 2: Afmarkað svæði fyrir nafn og heimilisfang viðtakanda

## Heimilisfang viðtakanda

### A. Staðsetning áritunar

Heimilisfang viðtakanda þarf að vera staðsett í ramma sem er a.m.k. 40 mm frá efri brún og hægri hlið bréfsins, a.m.k. 15 mm frá vinstri hlið og 25 mm frá neðri brún bréfsins. Engar aðrar upplýsingar, sem geta truflað lestur, mega vera innan þessa ramma.

### B. Áritun

Eftirfarandi form þarf að vera á árituninni:

{Nafn viðtakanda eða nafn fyrirtækis}  
{Deild innan fyrirtækis eða aðrar slíkar upplýsingar}  
{Heimilisfang} {Húsnúmer}  
{Póstnúmer} {Staður}

### C. Staðsetning dagstimpils á framhlið

Efra hornið hægra megin er ætlað fyrir dagstimpil. Svæðið fyrir dagstimpil þarf því að vera autt. Svæðið sem um ræðir eru 100 mm frá hægri hlið umslags og 40 mm frá efri brún.

### D. Upplýsingar um sendanda

Upplýsingar um sendanda skulu koma fram á svæðunum við efri eða neðri brún. Má ekki fara inn á svæðið fyrir dagstimpilinn.

## Leturgerð og litir

### A. Bakgrunnur

Litur í bakgrunni heimilisfangs þarf að vera þannig að letrið sé skýrt og greinilegt. Best er ef liturinn er einlitur ljós eða hvítur en aðrir litir koma til greina svo lengi sem þeir eru ekki of sterkir eða dökkir.

### B. Leturgerð

Þær leturgerðir sem koma til greina eru: Arial, Universe, Courier, Helvetica eða Times New Roman. Ekki má nota **feitletrun**, *skáletrun* eða undirskrift.

- Letur í utanáskrift verður að vera á þann hátt að stafir snertast ekki og það mega eingöngu vera eitt, hámark tvö stafabil, á milli orða.
- Allar línur í stöfunum skulu vera jafnar, þ.e. mega ekki breikka né mjókka né má vera skuggi fyrir aftan stafi.
- Mikilvægt er að sama leturgerð og sama leturstærð sé sú sama í allri utanáskriftinni.
- Letur þarf að vera prentað með svörtum lit og vera vel greinilegt

### C. Leturstærð

Leturstærðin þarf að vera í 10, 12 eða 14 punktum.

#### D. Línubil

Línubil í heimilisfangi þarf að vera jafnt og mega línurnar ekki falla ofan í hvor aðra. Ekki mega heldur vera auðar línur í heimilisfangi.

#### E. Hliðariöfnun

Texti í áritun þarf að vera vinstrijafnaður og samhliða efri brún bréfsins.

#### **Prentun**

Hægt er að nota Laser og Inkjet prentun (300 dpi eða meira) en ekki má nota matrix eða Impact prentara.

#### **Gluggaumslæg**

Ef umslag er með glugga þurfa allar upplýsingar um nafn og heimilisfang viðtakanda að sjást í glugganum. Engar aðrar upplýsingar mega koma fram í glugganum. Ef nauðsynlegt er að bæta öðrum upplýsingum í gluggann þarf að prófa það og samþykkja í hvert skipti.

#### **Frágangur og innihald**

Umslagið þarf að vera lokað og límt aftur svo ekki sé hætt á að innihaldi falli út við meðhöndlun – engin hluti af lokunarflípanum má vera laus. Ekki mega vera neindir hlutir í umslaginu s.s. pennar eða mynt sem gæti skemmt bréfið eða vélbúnaðinn. Sendingar með bankakortum eða öðru slíku þarf að prófa og samþykkja í hvert skipti. Bréfum þarf að skila inn til Póstsins þannig að þau snúi öll eins.



**Viðauki C**

**Umbúnaður sendinga**

## Umbúnaður póstsendinga

Umbúðir skulu fara eftir lögum og eðli innihaldsins og flutningsskilyrðum. Sérhver sending verður að vera útbúin á þann hátt að heilsu starfsmanna Póstsins stafi ekki hætta af og engin hætta sé á að innihald sendingarinnar skemmi aðrar póstsendingar eða tæki Póstsins.

### Brothættir hlutir

Brothættir hlutir skulu pakkaðir í sterkar umbúðir með viðeigandi hlífðarefni sem útilokar núning eða áreksstur milli hlutanna sjálfra eða milli þeirra og umbúðanna á meðan á flutningi stendur. Hla hluti þarf einnig að fylla með hlífðarefni (frauðkúllum, sagi, o.s.frv.) til að forðast skemmdir vegna þrýstingsmunar.

### Fljótandi efni

Fljótandi efni og efni sem auðveldlega verða fljótandi skulu lokað í vökvaheldum ílátum. Hvert ílát skal látið í sterkar umbúðir og stoppað á milli með hentugu vökvasogandi hlífðarefni, nægilega miklu til að drekka í sig vökvann ef innra ílátið skyldi brotna. Ytri umbúðum skal lokað tryggilega þannig að ekki sé hætta á leka.

### Fituefni

Fituefni sem síður verða fljótandi skulu fyrst látin í innri umbúðir og síðan í ytri umbúðir úr nægilega sterku efni til að hindra leka.

### Þurr efni

**Þurr litarefni** er ekki leyft að flytja nema í algerlega vökvaheldum ílátum úr málmum sem síðan eru látin í sterkar ytri umbúðir stoppaðar með heppilegu vökvasogandi hlífðarefni.

**Þurr duft sem ekki hafa litarefni í sér** skulu fyrst látin í sterkar innri umbúðir og síðan í sterkar ytri umbúðir.

### Lifandi dýr

Lifandi býflugur, blóðsugur og sníkjur skulu lokaðar í öskjum er sé þannig gengið frá að engin hætta stafi af.

### Áríðandi lyf

**Sendingar með áríðandi lyfjum eða efnastöðlum** skulu merktar framan á sendingunni með ljósgrænum merkimiða „Áríðandi – Lyf – Efnastaðlar / Urgent - Medicines – Chemical Reference Substances“.



### Auðskemmd lífræn smitlaus efni

Auðskemmd lífræn efni má einungis senda sem skráða sendingu (rekjanlegt bréf eða pakki) og eftir fljótustu leið (A-póstur eða hraðsending) til þeirra landa sem það leyfa. Einungis er heimilt að senda auðskemmd lífræn efni í pósti milli viðurkenndra rannsóknarstofa. Sendandi skal kynna sér hvort auðskemmd lífræn efni, og þau efni sem notuð eru til þökkunar og varðveislu þeirra á leiðinni, séu heimiluð í flugflutningi

skv. reglum ICAO og IATA (ICAO Technical Instructions, IATA Dangerous Goods Regulations).

Auðskemmd lífræn efni sem ekki innihalda smitefni, þar með talin lífsýni og blóðsýni til rannsókna sem ekki stafar af smithætta, skulu umbúin þannig að þau nái ákvörðunarstað í góðu ásigkomulagi og séu ekki hættuleg mönnum eða skepnum á meðan á flutningi stendur.

Auðskemmd lífræn efni skal búa um í þreföldum umbúðum: í vökvaheldum innri ílátum (aðalílát og aukalílát) og ytri umbúðum úr sterku efni sem þolir loftþrýstingsbreytingar, með vökvasogandi hlífðarefni, t.d. vatt, á milli innri íláta. Aðal- og aukalílát skulu þola hitastig á bilinu -40° til +55° C án þess að leka og, ef um fljótandi efni er að ræða, þrýstingsmun a.m.k. 95 kPa. Hámarksinnihald aðalíláts má vera 500 ml og hámarksinnihald aukalíláts má vera 4 ltr.

Ytri umbúðir skulu vera nægilega sterkar miðað við eðli, þyngd og ummál innihaldsins og skal minnsta ummál ytri umbúða a.m.k. mælast 100 mm. Fullbúin sendingin verður að standast, án þess að skaðast, fallpróf skv. fyrirmælum í ICAO Technical Instructions nema hvað fallhæð skal ekki vera undir 1,2 m. Séu fleiri en eitt aðalílát sett saman í eitt aukalílát skal vefja hvert aðalílát með vökvasogandi hlífðarefni til að koma í veg fyrir að ílátin snertist. Vökvasogandi hlífðarefni verður að vera nægilegt til að sjúga í sig allan vökva í sendingunni ef innri ílát skyldu leka. Nákvæmur listi yfir innihald sendingarinnar skal settur inn í sendinguna á milli ytri umbúða og aukalíláts. Sendingar sem innihalda auðskemmd lífræn efni skulu framan á sendingunni, sem og utan á ysta íláti, merktar „Sýni til rannsókna - Diagnostic Specimen“, ef við á og á þær skal líma fjólubláan límmiða „Auðskemmd lífræn efni - Perishable Biological Substances“. Sé innihald kælt með þurrís skal einnig nota límmiða fyrir önnur hættuleg efni „Miscellaneous Hazard Label“.



Auðskemmd lífræn efni má einungis senda sem skráða sendingu (rekjanlegt bréf eða pakki) og eftir fljótustu leið (A-póstur eða hraðsending) til þeirra landa sem það leyfa.

### Nánar um umbúnað auðskemmdra lífrænna efna

Þurrfryst efni skulu pökkuð í aðalílát úr gleri sem lokað er með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með gúmmítappa sem lokað er með málminnsigli.

Fljótandi og föst efni sem flutt eru án kælingar skulu pökkuð í aðalílát úr gleri, málmi eða plasti. Til að ílátin séu algerlega vökvaheld skal þeim lokað með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með málminnsigli. Ef notuð eru skrúfuð lok skal límt yfir samskeytin með þéttu límbandi.

Fljótandi og föst efni sem flutt eru kæld eða fryst skulu pökkuð í aðalílát úr gleri sem lokað er með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með gúmmítappa sem lokað er með málminnsigli. Aðal- og aukalílatið verða að þola bæði hitastigið þegar sendingin er kæld/fryst og að þiðna ef kælingu eða frýstingu þrýtur, sem og loftþrýsting við flugflutning. Ísinn eða þurrísinn skal settur utan um aukalílatið.

Aukalílatið skal skorðað af inni í ytri umbúðunum með stoðum svo það haldist í



upprunalegri stöðu eftir að ísinn eða froðan hefur bráðnað. Sé notaður ís til kælingar skulu ytri umbúðir vera vökvaheldar og sé notuð froða skulu þær vera þannig að þær hleypi út kolefnisgasinu.

### Smitefni

Smitefni, eða efni sem rökstuddur grunur leikur á að geti smitað menn eða skepnur, skulu umbúin þannig að þau nái ákvörðunarstað í góðu ásigkomulagi og séu ekki hættuleg mönnum eða skepnum á meðan á flutningi stendur.

Smitefni skal búa um í þreföldum umbúðum: í vökvaheldum innri ílátum (aðalílát og aukaílát) og ytri umbúðum úr sterku efni sem polir loftþrýstingsbreytingar, með vökvasogandi hlífðarefni, t.d.

vatt, á milli innri íláta. Aðal- og aukaílát skulu þola hitastig á bilinu  $-40^{\circ}$  til  $+55^{\circ}$  C án þess að leka og þrýstingsmun a.m.k. 95 kPa. Hámarksinnihald ytri umbúða má vera 50 ml eða 50 g nettó. Minnsta ummál ytri umbúða skal a.m.k. mælast 100 mm.

Séu fleiri en eitt aðalílát sett saman í eitt aukaílát skal vefja hvert aðalílát með vökvasogandi hlífðarefni til að koma í veg fyrir að ílátin snertist. Vökvasogandi hlífðarefni verður að vera nægilegt til að sjúga í sig allan vökva í sendingunni ef innri ílát skyldu leka.

Nákvæmur listi yfir innihald sendingarinnar skal settur inn í sendinguna á milli ytri umbúða og aukaíláts.



Sendingar sem innihalda smitefni skulu framan á sendingunni, sem og á ysta íláti, greinilega merktar með hvítum tígullaga límmiða „Smitefni - Infectious substance“ og viðeigandi UN númeri fyrir viðkomandi hættulegt efni skv. reglum Alþjóðflugflutningssambandsins (IATA) um flutning hættulegra efna. Sé innihald kælt með þurrís skal einnig nota límmiða fyrir önnur hættuleg efni „Miscellaneous Hazard Label“. Ásamt nafni og heimilisfangi sendanda og viðtakanda, skal einnig utan á sendingunni gefa upp símanúmer ábyrgðaraðila.

Smitefni má einungis senda sem skráða sendingu (rekjanlegt bréf eða pakki) og eftir fljótustu leið (A-póstur eða hraðsending) til þeirra landa sem það leyfa.

Nánar um umbúnað smitefna:

Þurrfryst efni skulu pökkuð í aðalílát úr gleri sem lokað er með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með gúmmítappa sem lokað er með málminnsigli.

Fljótandi og föst efni sem flutt eru án kælingar skulu pökkuð í aðalílát úr gleri, málmi eða plasti. Til að ílátin séu algerlega vökvaheld skal þeim lokað með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með málminnsigli. Ef notuð eru skrúfuð lok skal límt yfir samskeytin með þéttu límbandi.

Fljótandi og föst efni sem flutt eru kæld eða fryst skulu pökkuð í aðalílát úr gleri sem lokað er með tryggum hætti, s.s. innsiglið við hita eða með gúmmítappa sem lokað er með málminnsigli. Aðal- og aukaílatið verða að þola bæði hitastigið þegar sendingin er kæld/fryst og að þiðna ef kælingu eða frýstingu þrýtur, sem og loftþrýsting við flugflutning. Ísinn eða þurrísinn skal settur utan um aukaílatið. Aukaílatið skal skorðað af inni í ytri umbúðunum með stoðum svo það haldist í upprunalegri stöðu eftir að ísinn eða froðan hefur bráðnað. Sé notaður ís til kælingar skulu ytri umbúðir vera vökvaheldar og sé notuð froða skulu þær vera þannig að þær hleypi út kolefnisgasinu.

Hvaða smitefni má ekki flytja ? Pósturinn tekur ekki við eða flytur smitefni í flokki A (UN2814) en báðir flutningsaðilar taka hinsvegar við smitefni B (UN 3373)

## **Viðauki D**

**Staðir sem eru með útkeyrslu**

Eftirfarandi eru þeir staðir sem eru með útkeyrslu á hverjum degi, ýmist til fyrirtækja eða einstaklinga:

### **Höfuðborgarsvæðið**

Heimkeyrsla í boði

### **Vesturland og Vestfirðir**

300 Akranes

310 Borgarnes

340 Stykkishólmur

350 Grundarfjörður

355 Ólafsvík

370 Búðardalur

400 Ísafjörður

415 Bolungarvík

450 Patreksfjörður

### **Norðurland**

540 Blönduós

545 Skagaströnd

550 Sauðárkrókur

580 Siglufjörður

600 Akureyri

603 Akureyri

640 Húsavík

### **Austurland**

700 Egilstaðir

730 Reyðarfjörður

735 Eskifjörður

740 Neskaupstaður

780 Höfn

### **Suðurland og Reykjanes**

230 Reykjanesbær

235 Reykjanesbær

240 Grindavík

260 Reykjanesbær

800 Selfoss

810 Hveragerði

815 Þorlákshöfn

900 Vestmannaeyjar

**Viðauki F**

**Pósthús með pósthólf**



## Eftirfarandi pósthús eru með pósthólf.

101	Reykjavík – afhent í afgreiðslu.	565	Hofsós - afhent í afgreiðslu.
108	Reykjavík – afhent í afgreiðslu.	580	Siglufjörður
109	Reykjavík	600	Akureyri
110	Reykjavík	620	Dalvík
112	Reykjavík	640	Húsavík
170	Seltjarnarnes	670	Kópasker
200	Kópavogur	675	Raufarhöfn
210	Garðabær	680	Þórshöfn
220	Hafnarfjörður	685	Bakkafjörður
230	Keflavík	690	Vopnafjörður
240	Grindavík	700	Egilsstaðir
245	Sandgerði	710	Seyðisfjörður
250	Garður	730	Reyðarfjörður - afhent í afgreiðslu.
270	Mosfellsbær	735	Eskifjörður
300	Akranes	740	Neskaupstaður
310	Borgarnes	750	Fáskrúðsfjörður
320	Reykholt	780	Höfn
340	Stykkishólmur	800	Selfoss
350	Grundarfjörður	810	Hveragerði
355	Ólafsvík	815	Þorlákshöfn
360	Hellissandur	825	Stokkseyri
370	Búðardalur	850	Hella
400	Ísafjörður	860	Hvolsvöllur
415	Bolungarvík	880	Kirkjubæjarklaustur
420	Súðavík - afhent í afgreiðslu.	900	Vestmannaeyjar
425	Flateyri		
430	Suðureyri - afhent í afgreiðslu.		
450	Patreksfjörður		
460	Tálknafjörður - afhent í afgreiðslu.		
465	Bíldudalur		
510	Hólmavík		
530	Hvammstangi		
540	Blönduós		
550	Sauðárkrókur		
560	Varmahlíð - afhent í afgreiðslu.		

**Viðskiptaskilmálar**  
Júlí

**Póstisins**  
2019





**Viðauki H**

**Landpóstur**



## Landpóstur

Landpóstur er staðgengill hefðbundins afgreiðslustaðar, eins konar pósthús á hjólum þar sem landpóstar sinna dreifingu, þá skal keyra öllum skráðum sendingum léttari en 20 kg. og/eða 0,1 m<sup>3</sup> heim til viðtakanda. Ef póstur berst sem er umfram þessi þyngdar/stærðarmörk utan þéttbýlis þá skal pósthús hafa samband við viðskiptavin og honum boðið að sækja sendinguna eða fá hana keyrða heim gegn gjaldi. Landpóstar sjá um 3 - 5 daga dreifingu til fáeinna þéttbýla og allra dreifðra byggða og sveita.

Í verkefnum landpósta er dreifing á öllum sendingum og bréfum sem falla undir alþjónustu sbr lögum um póstpjónustu nr. 19/2002.

Landpóstur tekur á móti sendingum og bréfum til póstlagningar, selur frímerki og veitir upplýsingar um vörur og þjónustur Póstisins.

Hér má sjá hvar Landpóstur sinnir að hluta til eða að fullu dreifingu fyrir Póstinn.

<b>Vesturland og Vestfirðir</b>	<b>Norðurland</b>	<b>Austurland</b>	<b>Suðurland og Reykjanes</b>
301 Akranes	531 Hvammstangi	701 Egilstaðir 720 Borgarfjörður	801 Selfoss
311 Borgarnes	541 Blönduós	eystri	820 Eyrarbakki
320 Reykholt	551 Sauðárkrókur	781 Höfn	825 Stokkseyri
356 Ólafsvík	565 Hofsó	785 Öræfi	840 Laugarvatn
371 Búðardalur	566 Hofsó		845 Flúðir
380 Reykhólahreppur	570 Fljót		861 Hvolsvöllur
401 Ísafjörður	601 Akureyri		871 Vík í Mýrdal
410 Hnífsdalur	611 Grenivík		
451 Patreksfjörður	621 Dalvík		
471 Þingeyri	641 Húsavík		
500 Staður	645 Fosshóll		
512 Hólmavík	671 Kópasker		
524 Árneshreppur	681 Þórshöfn		
	685 Bakkafjörður		



**Viðauki I**

**Upplýsingatafla fyrir Viðskiptapakka til útlanda**



Ákvörðunarland	Tungumál sem nota skal á fylgibréf	Hámarksþyngd (kg.)	Mesta lengd (metrar) (L)	Hámarks-stærð (metrar) (L+U)	Áætlaður Flutningstími (virkir dagar)	Geymslutími (dagar)
Austurríki	E, Fr, Þ	30	1,5	3	3	14
Belgía	Fr	30	1,5	3	3	14
Bretland	E, Fr	30	1,5	3	2-4	21
Danmörk	E,Fr,S,Þ	20	1,5	3	3-4	14
Eistland	E, Fr, Þ	30	1,05	2	3-4	14
Finnland	E,S	30	1,05	2	3-4	14
Frakkland	Fr	30	1,05	2	3-4	14
Grikkland	E, Fr	20	1,5	3	3-6	30
Holland	E, Fr, Þ	20	1,5	3	3	21
Írland	E, Fr	30	1,5	3	3	14
Ítalía	Fr, It	30	1,5	3	3-4	14
Litháen	E, Fr, Þ	30	1,05	2	3-4	30
Lúxemborg	Fr, Þ	30	1,5	3	3	30
Noregur	E,Fr,S,Þ	30	1,5	3	2-5	14
Portúgal	Fr, Po	30	1,5	3	3-6	14
Pólland	E, Fr, Þ	20	1,5	3	3-4	14
Slóvakía	E, Fr, Þ	20	1,5	3	3	18
Slóvenía	E, Fr, Þ	30	1,5	3	3	14
Spánn	Fr, Sp	30	1,05	2	3-6	14
Sviss	Fr, It, Þ	30	1,5	3	3	30
Svíþjóð	E,Fr,S,Þ	20	1,5	3	3-4	14
Tékkland	E, Fr, Þ	30	1,5	3	3	20
Ungverjaland	E, Fr	20	1,5	3	3	10
Þýskaland	E,Fr,It,Þ	30	1,05	2	3-4	14

E = Enska  
Fr = Franska  
It = Ítalska  
Po = Portúgalska  
S = Skandinavíska  
Sp = Spænska  
Þ = Þýska

#### Ábyrgð Póstisins – Upplýsingar og svæðaskipting

Pósturinn ábyrgist ekki að upplýsingar sem veittar eru um skilmála í hverju landi fyrir sig séu réttar. Við reynum eftir bestu getu að hafa þær réttar en það miðast við að móttökuland tilkynni breytingar um skilmála til UPU (Alþjóðapóst sambandið).